

## SvAust

Stjórnarfundur haldinn á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar 30. ágúst 2018 kl. 10.

Mættir voru: Einar Már Sigurðarson, Björn Ingimarsson, Jóney Jónsdóttir sem ritar fundargerð. Einnig sátu fundinn Jódís Skúladóttir verkefnastjóri og Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar.

Formaður setti fundinn.

1. Gengið var frá skráningu tilkynningar um breytingu á stjórn. Finna þarf út úr hver verður varamaður í stjórn.
2. Samningsdrög um skólaakstur milli Breiðdalsvíkur og Stöðvarfjarðar haustönn 2018 voru lögð fram til kynningar.
3. Rætt um var um logo SvAust tilurð þess og hvort ætti að huga að nýju. Ákveðið að nota merkið sem notað hefur verið þar til annað verður ákveðið.
4. Skilgreining almenningssamgangna samkvæmt lögum nr. 28/2017 kynnt. Í 3. gr. þeirra laga er merking orða skilgreind á eftirfarandi hátt:
  12. *Óreglubundnir farþegaflutningar*: Aðrir farþegaflutningar en þeir sem eru tilgreindir í 13. og 14. tölul. Með óreglubundnum flutningum er að jafnaði átt við flutning á hópi fólks sem orðið hefur til fyrir frumkvæði viðskiptavinar eða leyfishafans sjálfs. Slíkar ferðir geta verið með reglulegu millibili án þess að teljast reglubundnir flutningar.
  13. *Reglubundnir farþegaflutningar*: Fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrirframbirtri áætlun þar sem farþegum er hleypt inn og út á leiðinni. Þjónustan er öllum opin, þ.e. almenningssamgöngur.
  14. *Sérstakir reglubundnir farþegaflutningar*: Reglubundnir flutningar á fyrirframákveðnum hópi farþega þar sem aðrir farþegar eru útilokaðir.Mikilvægt er að SvAust noti þessar skilgreiningarnar framvegis svo skýrt sé hvers konar akstur er um að ræða hverju sinni.
5. Framkvæmdastjóri Austurbrúar kynnti verkferli sem verið er að vinna varðandi greiðslur Fjarðabyggðar fyrir reglubundna farþegaflutninga. Greiðslurnar verða reglulegar framvegis til að tryggja fjárstreymi. Farið einnig yfir ferla á greiðslum fyrir sérstaka reglubundna farþegaflutninga. Ferli greiðslna varðandi Currón skoðað. Nú er verið að aðgreina akstur í Currón frá afþreyingu í Fjarðabyggð í kerfi Currón.
6. Framkvæmdastjóri Austurbrúar sagði frá að stofnað verði verknúmer í DK-kerfinu sem liggur utan við almenningssamgöngur svo umsýslukostnaður sé ljós og viðkomandi sveitarfélag mun þá greiða hann.
7. Rætt var um að til framtíðar væri æskilegt að SvAust muni annast sem mest af sérstökum farþegaflutningum á Austurlandi.
8. Rætt var um að eftir flutning SvAust frá Fjarðabyggð yrði Fjarðabyggð að færast inn í hópakerfi Currón líkt og gert er með aðra verktaka. Verkefnastjóri mun gera það.
9. Verkefnastjóri sagði frá að hann muni útbúa skjal yfir hvernig almenningssamgöngur virki á milli staða, einkum út frá Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólanum á Egilsstöðum og hvort þær geti nýst. Skoða þá sérstaklega út frá jöðrunum. Það þarf að virka og vera í lagi.
10. Reikningur barst frá Ístravel fyrir íþrótt- og tómstundaakstri sem var með virðisaukaskatti en slíkur akstur er undanþeginn. Skoða þarf það með endurskoðanda.
11. Setja þarf í samninga við akstursaðila að öll leyfi séu til staðar.
12. Uppfæra þarf kostnaðaráætlun yfir hvað sveitarfélögin greiða til SvAust þar sem hún miðast við 2016. Það varðar liðinn framlag vegna umfangs þjónustu. Það er kostnaður með

greiðslum vegna sérleyfa (án skólaaksturs), skoða þarf þá skilgreiningu og hugsanlega endurskilgreina.

13. Verkefnastjóri segir frá verkefnum framundan. Skipulag vetraráætlunar gengur vel. Hún mun fara bráðlega og verja degi með umsjónaraðilum Curron. Á aðalfundi SSA 7. og 8. sept. mun hún kynna starfsemi SvAust.
14. Næsti fundur verður 9:30 á skrifstofu Fljótsdalshéraðs 18. september.

Fleira ekki gert, fundi slitið 11:30.